

Priðjudaginn 2. febrúar 1982.

Nr. 171/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Jóni Helga Bjarnasyni**

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Gagnaöflun. Geðheilbrigðisrannsókn.

### Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Með ákæruskjali 23. desember 1980 var höfðað opinbert mál á hendur ákærða fyrir sakadómi Akureyrar fyrir tvö þjófnaðarbrot framin í október og nóvember s. á. Dómur í máli þessu var kveðinn upp í sakadómi Akureyrar 27. mars 1981. Var ákærði talinn sannur að sök og dæmd þriggja mánaða fangelsisrefsing. Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar. Við flutning málsins hér fyrir dómi lagði skipaður verjandi ákærða, Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður, fram ljósrit af hluta dóms sakadóms Hafnarfjarðar 29. september 1969. Fjallar dómur þessi um skirlífisbrot, sem ákærða var gefið að sök að hafa framið 22. nóvember 1967. Komst héraðsdómari að þeirri niðurstöðu, að ákærði hefði gerst sekur um brot þetta, en sýknaði hann af refsikröfu ákærvalds, þar eð ekki yrði talið að fenginni læknisumsögn, að refsing mundi bera árangur gagnvart ákærða. Dómi í máli þessu var ekki áfrýjað til Hæstaréttar, en í honum segir svo:

„Að beiðni verjanda fór fram rannsókn á geðheilbrigði ákærða, sem Þórður Möller yfirlæknir framkvæmdi.

Niðurstaða sú, sem Þórður Möller dró af rannsókninni, hljóðar svo:

„Jón Helgi Bjarnason er hvorki geðveikur maður né geðvilltur í venjulegri merkingu, heldur mjög treggefinn maður, hugsanlega líflítill í fæðingu, sem verður fyrir því í

bernsku að veikjast af hettusótt og sló hastarlega niður og breytist eftir það mjög áberandi í lundarfari og hegðun allri. Hefur þar vafalaust verið um heilabólgu að ræða, sem sjaldgæfan fylgikvilla hettusóttar, sem hefur valdið áberandi truflun á persónuþroska drengsins, jafnvel algjörri stöðvun, svo hann er mun verr farinn af þeim sökum heldur en af almennum greindarskortri, sem þó er verulegur. Kemur þetta fyrst og fremst fram í dómgreindarskortri, lélegri tilfinningastjórn, fljótfærni og hömluleysi.

Hlýtur að teljast nokkuð vafasamt, að Jón Helgi verði talinn sakhæfur miðað við þennan sjúklega vanþroska, sem að yfirgnæfandi líkum verður rakinn til vefrænna heilaskemmda.“

Í því skyni að fá nánar skýrða þá skoðun yfirlæknisins, að hann teldi nokkuð vafasamt, að ákærði væri sakhæfur, lagði dómariinn fyrir hann skriflega eftirtaldir þrjár spurningar:

1. Teljið þér, að hinn sjúklegi vanþroski hafi verið á það háu stigi, að ákærði Jón Helgi hafi af þeim sökum verið alls ófær að stjórna gerðum sínum, er hann framdi umrætt skirlífisbrot, sbr. 15. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.
2. Ef svo er, álitid þér, að hinn andlegi vanþroski muni leiða til afbrota hjá ákærða, og þá hvers konar afbrot.
3. Ef svar yðar við spurningu nr. 1 er neitandi, er spurt, hvort þér teljið samt, að vanþroski ákærða sé eða hafi verið á svo háu stigi, að ekki sé þess að vænta, að refsing muni bera árangur, sbr. 16. gr. alm. hegningarlaga.

Svör yfirlæknisins voru svohljóðandi:

„Ad 1: Það, sem úr sker að mínu viti, er þetta, að dómgreind JHB reynist ekki gleggri en, og hömluleysi hans reynist nægilegt til, að hann fremur verknað, sem fyrir heilbrigðri dómgreind er eins augljóslega sagnæmur eins og sá, sem hér um ræðir. Hvort hins vegar er hægt að fullyrða, að hann hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, er mjög vandsagt.

Ad 2: Hugsanlegur möguleiki til endurtekinna afbrota er

óneitanlega fyrir hendi og sennilegast þá svipaðra, þó vonir standi til, að óþægindi þau, er JHB hefur þegar haft af þessum málarekstri, hræði hann frá slíku.

Ad 3: Þó vonast megi til þess, að þau óþægindi, sem JHB hefur þegar haft af núverandi málarekstri, verði til þess að hræða hann frá endurtekningu, þá væri mjög ólíklegt, að slíkar hömlur kæmu af nokkrum eiginlegum skilningi á samhengi brots og refsingar, og sérstaklega ekki af neinum dýpra skilningi á saknæmi brots sem þessa og skv. því mjög ólíklegt, „að refsing muni bera árangur“.

Þá lagði áðurgreindur skipaður verjandi ákærða fyrir Hæstarétt staðfest ljósrit af bréfi Brynjólfs Ingvarssonar, geðlæknis við T-deild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, dags. 24. ágúst 1981, til Þorsteins A. Jónssonar, fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu, svohljóðandi:

„Varðandi Jón Helga Bjarnason, f. 16.01.51, Skarðshlíð 34 E, Akureyri.

Hér er eitt af þeim málum, sem lenda svo auðveldlega í útideyfum og þvælingi milli embætta. Um endurmat á geðheilsu Jóns Helga og sakhæfi mætti skrifa langt mál, en niðurstaða yrði þó aldrei nema á einn veg: Ályktunarorð í skýrslu Þórðar Möller, geðlæknis, frá 10/4 1969 standa óhöggud ennþá, og hef ég þar engu við að bæta.

Þessu álitu til grundvallar liggja niðurstöður og lækna-bréf frá Vífilsstaðadeild Kleppsspítalans 1980, T-deild F.S.A. 1980, viðtöl við Jón Helga sjálfan 21/8 '81 og foreldra hans á undanförunum vikum.“

Áður en dómur verður lagður á mál það, sem nú er til úrlausnar hér fyrir dómi, þykir af því, sem að framan segir um geðhagi ákærða, ekki verða hjá því komist, að hann sæti nú geðrannsókn, sbr. 2. tl. d 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, þar sem skýrt komi fram læknisfræðilegt álit um sakhæfi ákærða.

#### Á l y k t a r o r ð:

Ákærði, Jón Helga Bjarnason, skal sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni, svo sem að framan getur.